

ÁRSSKÝRSLA

 2025

HÁSKÓLAFÉLAG SUÐURLANDS

Tilgangur félagsins er að auka búsetugæði og styrkja efnahag á Suðurlandi með uppbyggingu þekkingarsamfélags

FRUMKVÆÐI SAMSTARF

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Árið 2025 var farsælt ár til undirbúnings og áframhaldandi mótnar á starfi Háskólafélags Suðurlands. Ég tók við starfi framkvæmdastjóra í júní, á 18. starfsári félagsins og frá upphafi hefur verið ljóst að starfsemin gegnir mikilvægu hlutverki í að efla Suðurland sem öflugt þekkingar- og nýsköpunarsamfélag.

Háskólafélag Suðurlands er í eigu 14 sveitarfélaga á Suðurlandi og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og hefur meðal annars það hlutverk að vera tengiliður háskóla inn á svæðið, bæta aðgengi íbúa að háskólamenntun, sí- og endurmenntun og stuðla að nýsköpun sem eykur samkeppnishæfni landshlutans.



Ingveldur Sæmundadóttir framkvæmdastjóri

Í upphafi árs tók gildi nýr samningur við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið og á seinni hluta ársins var unnið að því að skerpa á stefnumótun félagsins og byggja áfram á þeim grunni sem lagður hefur verið. Í þeirri vinnu var horft bæði til samninga félagsins við ráðuneytið og SASS og til landshlutans og tækifæra sem þar felast og hindrana sem vinna þarf markvisst á.

Suðurland byggir á sterkum stöðum í landbúnaði, sjávarútvegi, ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu en jafnframt eru þar fjölmörg tækifæri til frekari uppbyggingar í nýsköpun, sjálfbærri auðlindanýtingu, fjölbreyttari störfum og hærra menntunarstigi. Því tengdu hefur verið kallað eftir aukinni sérfræðipekkingu vinnuafis og aukinni nýsköpun. Niðurstöður nýlegra greininga Byggðastofnunar draga þessa stöðu skýrt fram. Þær benda á að þótt grunnþjónusta sé víða öflug á Suðurlandi sækir íbúar sérhæfðari þjónustu í töluverðum mæli út fyrir svæðið, einkum á höfuðborgarsvæðið.

Þá sýna gögn frá sömu stofnun að hlutfall ríkisstarfa á Suðurlandi, miðað við íbúa á vinnualdri, er lægra en í öðrum landshlutum. Báðar þessar niðurstöður undirstrika mikilvægi þess að efla aðgengi að háskólanámi, styrkja hæfniuppbyggingu og skapa forsendur fyrir fjölgun sérfræðistarfa á Suðurlandi.

Þar gegnir Háskólafélag Suðurlands mikilvægu hlutverki með því að þjónusta nemendur, efla tengsl við háskóla og atvinnulíf og styðja við nýsköpun og þróun sem getur skapað forsendur fyrir verðmætari og fjölbreyttari störfum í landshlutanum.

Það er bjart yfir starfi Háskólafélags Suðurlands og fjölmörg tækifæri fram undan. Ég vil færa starfsfólki, stjórn og samstarfsaðilum kærar þakkir fyrir gott samstarf og góðar móttökur. Með sameiginlegu átaki mun Háskólafélag Suðurlands áfram vera öflugur drifkraftur menntunar, rannsókna og nýsköpunar á Suðurlandi.

Ingveldur Sæmundsdóttir
framkvæmdastjóri.

Apríl 2026

Útgefandi:
Háskólafélag Suðurlands

Ritstjóri:
Ingveldur Sæmundsdóttir

Texti og próförk:
Helga Kristín Sæbjörnsdóttir
Margrét Polly Hansen

Mynd á forsiðu:
Helga Kristín Sæbjörnsdóttir
Tjaldsungi klaktist út á 8. braut á Dalbúa í Miðdal.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Á árinu 2025 var unnið eftir nýjum áherslum í nýsköpun sem komu inn með samningi við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið sem gerður var í lok árs 2024. Samningurinn markaði mikilvægt skref í frekari mótun hlutverks Háskólafélags Suðurlands sem vettvangs menntunar, rannsókna og nýsköpunar á Suðurlandi.

Um mitt ár tók nýr framkvæmdastjóri, Ingveldur Sæmundsdóttir, til starfa hjá félaginu. Á fyrstu fundum stjórnar með framkvæmdastjóra var farið yfir framtíðarsýn, hlutverk og lykilverkefni félagsins. Áhersla var lögð á hvernig efla megi Suðurland sem þekkingar- og nýsköpunarsamfélag, meðal annars með auknu aðgengi að háskólanámi, þróun sveigjanlegra námsleiða, örnáms og sí- og endurmenntunar sem taki mið af þörfum atvinnulífs og samfélags á svæðinu. Háskólafélag Suðurlands leggur metnað sinn í að framfylgja þessum áherslum með góðum árangri.

Stjórn fjallaði jafnframt um stefnumótun félagsins, stöðu verkefna og tækifæri til frekari eflingar nýsköpunar, rannsókna og samstarfs við háskóla, fyrirtæki og stofnanir á Suðurlandi.

Stjórnarfundir árið 2025 voru fjórir talsins. Aðalfundur félagsins var haldinn 30. apríl og var líkt og undanfarin ár blanda af fjar- og staðfundi.

Stjórn félagsins skipuðu um áramót Sveinn Aðalsteinsson formaður, Helga Þorbergsdóttir ritari, Huguína Harpa Reynisdóttir, Sigurður Þór Sigurðsson, Soffía Sveinsdóttir skólameistari FSu, Sæunn Stefánsdóttir Forstöðumaður rannsóknarsetra HÍ og Sigurður Markússon.

Varastjórn er skipuð þeim fulltrúum sem sitja í aðalstjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, á hverjum tíma. Þau eru Anton Kári Halldórsson formaður, Sandra Sigurðardóttir varaformaður, Gauti Árnason, Jóhannes Gissurarson, Helga Jóhanna Harðardóttir, Árni Eiríksson, Brynhildur Jónsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson og Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir.



MANNAUÐUR



INGVELDUR SÆMUNSDÓTTIR

Framkvæmdastjóri í fullu starfi. Heldur utan um daglegan rekstur félagsins og Fjölheima, öflun verkefna og fjármagns auk þess að leiða stefnumótun og framtíðar uppbyggingu. Hóf störf í júní 2025.



HELGA KRISTÍN SÆBJÖRNSDÓTTIR

Verkefnastjóri í fullu starfi. Sinnir verkefnum tengdum rannsóknum, Erasmus+, Vísinda- og rannsóknarsjóði ásamt því að vera byggðaþróunarfulltrúi n. hl. Árnassýslu.



MARGRÉT POLLY HANSEN

Verkefnastjóri nýsköpunar í fullu starfi og byggðaþróunarfulltrúi n. hl. Árnassýslu.



ÁSTRÓS HERA ÞÓRHILDARDÓTTIR KOLBEINS

Þjónustufulltrúi í 50% starfi. Sinnir nemendajónustu félagsins auk tilfallandi verkefna. Hóf störf í október 2025.



MAGNÚS ST MAGNÚSSON

Forstöðumaður FabLab smiðju í fullu starfi. Hefur umsjón með daglegum rekstri smiðjunnar auk þess að sinna kennslu og þjálfun í öllu sem snýr að FabLab hugmyndafræðinni.



ÞURÍÐUR INGVARSDÓTTIR

Tæknifulltrúi FabLab smiðju í 50% starfi. Hefur umsjón með grunnskólahluta smiðjunnar auk þess að sinna kennslu og þjálfun í öllu sem snýr að FabLab hugmyndafræðinni.



INGUNN JÓNSDÓTTIR

Framkvæmdastjóri í fullu starfi. Heldur utan um daglegan rekstur félagsins, öflun verkefna. Lauk störfum í maí 2025.



ELÍNBOG INGIMUNDARDÓTTIR

Þjónustufulltrúi í 50% starfi. Sinnir nemendajónustu félagsins auk tilfallandi verkefna. Lauk störfum í júní 2025.

BYGGÐAÞRÓUNARFULLTRÚAR / SASS

Háskólafélag Suðurlands er með samning við SASS um atvinnu- og byggðaðróun á svæði neðri hluta Árnassýslu sem jafngildi hálfu starfsígildi byggðaðróunarfulltrúa. Vinnusóknarsvæði Byggðaðróunarfulltrúa Háskólafélags Suðurlands er Ölfus, Hveragerði, Árborg og Flóahreppur. Markmið samningsins er að efla samstarf á sviði byggðaðróunar, samræma áherslur Sóknaráætlunar Suðurlands og annarra svæðisbundinna verkefna sem styðja við atvinnulíf og nýsköpun. Verkefnin felast m.a. í ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja fyrir umsækjendur vegna Uppbyggingarsjóðs Suðurlands, auk ráðgjafar um aðra styrkjámöguleika. Sameiginleg atvinnustefna fyrir sveitarfélögin Árborg, Flóahrepp og Hveragerði sem var gefin út vorið 2025 er gott dæmi um svæðisbundið verkefni. Stefnan er leiðbeinandi skjal fyrir sveitarfélögin og framkvæmdaaðila þeirra.

Auk þess sinna Byggðaðróunarfulltrúar hjá HfSu samstarfsverkefnum landshlutasamtakanna fyrir hönd SASS. Þar má nefna utanumhald fyrirlestaraðarinnar Forvitnir Frumkvöðlar, fagráðshóp Byggðastofnunar og Startup Landið sem er viðskiptahraðall landsbyggðarinnar, þar sem markmiðið er að styrkja nýsköpunarverkefni á fyrstu stigum og undirbúa þau fyrir frekari þróun og fjármögnun. Startup landið stóð yfir frá 17. september - 30. nóvember og fól í sér rafrænar vinnustofur ásamt sólarhrings staðlotu í Hveragerði og lokaviðburði á Akureyri.

Af tólf teymum hraðalsins áttu Sunnlendingar tvo fulltrúa:

Hundaveisla, sem Unnur Hagalín og Særún Eva Hjaltadóttir standa að, vinnur að þróun hrárrar og næringarríkrar hundafóðurlínu unnar úr lífrænum úrgangi sláturhúsa.

Festivus, sem Andrés Bragason og Auður Mikaeladóttir stofnuðu, stefnir að framleiðslu hornfirsku gæða súkkulaði og þróun ævintýralegs áfangastaðar fyrir ferðamenn og súkkulaðiunnendur.



Helga og Polly
byggðaðróunarfulltrúar



NEMENDA- OG PRÓFAÞJÓNUSTA

Háskólafélag Suðurlands leggur áherslu á að efla aðgengi íbúa á Suðurlandi að háskólanámi og vera öflugur tengiliður milli háskóla og svæðisins. Gögn frá Hagstofu Íslands sýna að hlutfall ungs fólks í háskólanámi á aldrinum 20-24 ára er lægra á Suðurlandi miðað við aðra landshluta. Þetta bendir til þess að mikilvægt sé að efla aðgengi að háskólanámi á Suðurlandi og þróa námsleiðir sem henta ólíkum hópum.

Hjá Háskólafélagi Suðurlands er starfrækt viðurkennd prófaþjónusta fyrir nemendur, auk þess sem þar er aðgangur að lesaðstöðu og aðstöðu til hópvinnu. Viðurkennd prófaþjónusta gerir nemendum kleift að stunda nám án þess að flytjast búferlum og veitir tækifæri á því að taka próf í háskólum alls staðar að úr heiminum. Háskólafélag Suðurlands leggur ríka áherslu á að veita góða námsaðstöðu og framúrskarandi þjónustu fyrir nemendur í heimabyggð.

Á árinu 2025 voru þeytt alls 1.317 fjarpróf og þar af 1.098 á háskólastigi. Langflestar prófskráningar voru frá nemendum við Háskólann á Akureyri eða 74% en einnig nýttu nemendur við Háskóla Íslands, Háskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík, Landbúnaðarháskóla Íslands og Listaháskóla Íslands sér þjónustuna.

Á árinu var gerð könnun meðal framhaldsskólanema um áform þeirra um frekara nám að lokinni útskrift. Niðurstöðurnar sýndu að meirihluti nemenda stefnir á háskólanám, um fimmtungur á iðnnám en aðrir voru óákveðnir eða sögðust ekki stefna í frekara nám.

Könnunin bendir jafnframt til þess að nemendur séu almennt jákvæðir gagnvart fjar- og blönduðu námi og vilji hafa aðgang að námsaðstöðu, prófaþjónustu og námsráðgjöf í heimahéraði. Niðurstöðurnar styðja við markmið og hlutverks sem Háskólafélag Suðurlands gegnir við að efla aðgengi að námi og styðja við menntun í landshlutanum.



MOLAR ÚR STARFSEMinni

VINNUSTOFA UM ÖRNÁM Á HÁSKÓLASTIGI

Um miðjan september var haldinn vinnustofa í Háskólafélagi Suðurlands um að greina þarfir og tækifæri á þróun örnáms á þremur fræðasviðum Háskólans á Hólum sem byggja á helstu atvinnugreinum Suðurlands, þ.e. ferðaþjónustu í dreifbýli, íslenska hestinn og landeldi á fiski. Til vinnustofunnar komu saman rektor Háskólans á Hólum ásamt deildarstjórum, gæðastjóra og kennslustjóra með fulltrúum Háskólafélags Suðurlands, SASS og atvinnugreinum á Suðurlandi til að fjalla um samstarf á nýrri nálgun í háskólamenntun, þróun örnáms á háskólastigi.

Örnám skapar aukinn sveigjanleika og fjölbreytni í námsframboði á háskólastigi og tekur mið af hröðum breytingum í samfélaginu. Þróun slíks náms er mjög spennandi og gerir fleirum kleift að stunda háskólanám, sérstaklega þeim sem ekki geta skuldbundið sig til lengri námsleiða.

Niðurstöður fundarins sýndu glögggt að þörfin fyrir stutt og markvisst nám er tvíþætt. Annars vegar er stór hópur fagfólks á Suðurlandi sem hefur starfað árum saman án formlegrar menntunar en vill bæta við sig þekkingu í styttri námsleiðum með sveigjanlegu fyrirkomulagi, þar sem raunfærnimat gæti stýtt leiðina að formlegri menntun. Hins vegar er vaxandi hópur fyrrum nemenda sem vill uppfæra þekkingu sína vegna hraðra tæknibreytinga og nýsköpunar í atvinnulífinu. Háskólafélagið mun leitast við að vinna að mótun farvegs fyrir þróun örnáms á háskólastigi á Suðurlandi í samstarfi við háskóla, atvinnulíf og stjórnvöld.



NÝSKÖPUN

Háskólafélag Suðurlands vinnur að því að efla nýsköpunar- og frumkvöðlastarf og ætlar að vera leiðandi afl í uppbyggingu nýsköpunarumhverfis á Suðurlandi. Boðið er upp á góða aðstöðu og ráðgjöf fyrir frumkvöðla og vettvang til samstarfs með FabLab smiðju, auk þess sem staðið er fyrir fræðslu, viðburðum og verkefnum sem hvetja til nýsköpunar. Með þessu stuðlar Háskólafélag Suðurlands að aukinni þátttöku atvinnulífs og samfélags í nýsköpun og styrkir þannig grundvöll verðmætasköpunar og þróunar á svæðinu. Á árinu var starfið mótað og lagður grunnur að frekari starfsemi innan nýsköpunar.

Á fyrri hluta árs var haldinn styrkjadagur þar sem fólk fékk ráðgjöf í styrkumsóknum og hlustaði á reynslusögur frá öðrum frumkvöðlum úr mismunandi greinum á þeirra vegferðir í styrkjaumhverfinu.

Um vorið voru haldnir hugmyndadagar Suðurlands og vinnustofa og farið í heimsóknir til nýsköpunarfyrirtækja. Á haustdögum var haldin vinnusmiðja í samstarfi við Iceland Innovation Week, KPMG og Samtaka þekkingarsetra. Markmiðið var að efla nýsköpun og stafræna hæfni með áherslu á skapandi hugsun, frumkvöðlastarfsemi og sjálfstraust þátttakenda til að styrkja samkeppnishæfni og verðmætasköpun.

Mikill áhugi var á vinnusmiðjunni sem haldin var á Selfossi og komu þátttakendur víðvegar af Suðurlandi.

Á árinu hófst einnig verkefni í samstarfi við Iceban um englaafjárfestingar og "pitch" viðburð þar sem sunnlensk nýsköpunarfyrirtæki kynna hugmyndir sínar fyrir þessum hóp sunnlenskra englaafjáfesta.

Á árinu leituðu yfir 50 aðilar víðs vegar aðstoðar vegna verkefna tengdum nýsköpun, atvinnuþróun, leiðbeininga um stoðkerfi nýsköpunar, styrkjamöguleika og hraðla.



NÝSKÖPUNARSTEFNA FYRIR SUÐURLAND

Á árinu hófst vinna við undirbúning að mótun nýsköpunarstefnu fyrir Suðurland. Háskólafélag Suðurlands og SASS gerðu með sér samning um verkefnið, sem hlaut styrk úr Sóknaráætlun Suðurlands 2025. Háskólafélagi Suðurlands var falið að leiða verkefnið og er Rata ráðgjöf innanhandar og til ráðgjafar.

Markmið verkefnisins er að móta heildstæða stefnu sem samræmir og eflir nýsköpunarstarf í landshlutanum og styður við aukna verðmætasköpun, sterkari innviði og bætt búsetugæði.

Í undirbúningi var lögð áhersla á að greina sérstöðu Suðurlands og kalla eftir sjónarmiðum lykilaðila um tækifæri og áskoranir í nýsköpunarumhverfi landshlutans. Vinnan hófst í desember með því að kalla til fulltrúa sveitarfélaga, stofnana og atvinnulífs. Vinna við mótun nýsköpunarstefnu Suðurlands er grunnur að aðgerðum á sviði nýsköpunar.



Polly verkefnastjóri nýsköpunar



RANNSÓKNIR

Háskólafélag Suðurlands styður við rannsóknarstarf á svæðinu með því að veita rannsakendum, háskólanemum og starfsfólki rannsóknastofnana aðstöðu og aðgengi að sameiginlegu þekkingarumhverfi. Á árinu var unnið að verkefnum sem tengjast bæði alþjóðlegu samstarfi og greiningu á samfélagslegum áskorunum á Suðurlandi.

Á vormánuðum hófst verkefni í Erasmus+ í samstarfi við Inštitut Središče zagovorništva í Slóveníu og Jedi Movement í Serbíu. Markmið verkefnisins er að valdefla fullorðið fólk sem af ýmsum ástæðum, hefur takmarkaðri tækifæri eða veikara tengslanet inn í samfélagið. Áhersla er á umhverfismál, sjálfbærni, inngildingun og virkni í lýðræðissamfélagi. Unnið var að mótun leiðarvísis sem kemur til með að nýtast einstaklingum, stofnunum og sveitarfélögum til fræðslu og miðlunar. Verkefnið spannar 18 mánuði og verða þátttakendur í vinnustofum frá Suðurlandi, einkum úr Árnessýslu og nágrennasveitarfélögum, auk þátttakenda frá Niš í Serbíu og Ljubljana í Slóveníu.

Á árinu var jafnframt unnið að verkefni á sviði almenningsgangna. Verkefnið sem er styrkt af SASS gegnum Byggðastofnun, felst í að kanna möguleika á markvissri samræmingu gangna og hvort unnt sé að bjóða upp á reglulegar ferðir milli þéttbýliskjarna í neðri hluta Árnessýslu, meðal annars í samstarfi við skóla, íþróttafélög og eldri borgara. Tilgangurinn er að öðlast skýrari mynd af raunverulegri þörf, kortleggja stöðuna og móta mögulegar sviðsmyndir til framtíðar. Slík greining er mikilvægur grunnur að frekari ákvarðanatöku og þróun þjónustu á svæðinu.



Helga grefur eftir gulli



MOLAR ÚR STARFSEMINNI

Faghópur Erasmus+ Roadmap to Sustainable Living

ÖNNUR VERKEFNI

Gefum íslensku sjéns - Háskólafélag Suðurlands, Bókasafn Árborgar og Fræðslunetið tóku höndum saman og innleiddu verkefnið Gefum íslensku séns. Verkefnið hefur þann tilgang að opna heim íslenskunnar fyrir íbúum af erlendum uppruna og veita þeim tækifæri til þess að eiga samskipti á íslensku óháð getu og án fordóma. Hver sá sem vill tala íslensku þarf að fá tækifæri til þess að tjá sig á því getustigi sem einstaklingurinn býr yfir. Auk þess þurfum við sem tölum málið að veita þeim tækifæri og búa svo um að viðkomandi finni til meira öryggis með virkri hlustun

Námskeið í að stofna og reka fyrirtæki – Á námskeiðinu var farið yfir stofnun og skráningu fyrirtækja, félagsform og lögformleg atriði, hvenær, hvar og hvernig er það gert. Þá var fjallað um grunnatriði varðandi fjárhag, bókhald og skattaumhverfi fyrirtækja, eins og virðisaukaskatt. Námskeiðið var niðurgreitt af SASS og var leiðbeinandi Bryndís Sigurðardóttir.

Atvinnubrúin - Verkefnið Atvinnubrú var áhersluverkefni í samstarfi við SASS sem lauk á haustmánuðum 2025. Markmiðið var að tengja betur háskólastofnanir, háskólanemendur og atvinnulíf á Suðurlandi. Haldnir voru rafrænir hádegisfyrirlestrar sem voru opnir öllum og var tilgangurinn með þeim að kynna fyrir áhugasömum starfsemi þeirra fyrirtækja og stofnana sem að þeim komu. Gerður var mentor samningur við ólíka aðila til þess að tryggja nemendum aðgang að sérfræðingum mismunandi starfsgreina. Við lok verkefnisins var augljóst að þörfin fyrir meira samstarf milli menntastofnana og atvinnulífsins á Suðurlandi er greinileg. Vegferðin þarf að hefjast fyrr í námsferli nemenda og vekja þarf áhuga strax á þeim tækifærum sem leynast úti í atvinnulífinu. Frekari greining á þörfum atvinnulífsins er einnig nauðsynleg svo hægt sé að kortleggja með skilvirkari hætti hvaða menntun kemur til með að skipta máli til framtíðar á Suðurlandi.

Þverfaglegt meistaranám í sjálfbærri byggðafræði - Fyrstu skrefin að sameiningu Háskólans á Hólum og Háskóla Íslands voru tekin á árinu með þróun á þverfaglegu meistaranámi í sjálfbærri byggðafræði. Helga Kristín Sæbjörnsdóttir og Ingunn Jónsdóttir tóku þátt í þeirri vinnu fyrir hönd Samtaka þekkingarsetra (SPS). Námið sem verður formlega sett af stað á haustmánuðum 2026 mun verða mikilvæg viðbót í rannsóknartengdu meistaranámi fyrir nemendur sem vilja starfa á sviði byggða- og samfélagsþróunar í dreifðari byggðum.

VÍSINDA- OG RANNSÓKNARSJÓÐUR

Árlegur hátíðarfundur Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands var haldinn miðvikudaginn 12. febrúar 2025 á sal Fjölbrautarskóla Suðurlands.

Tveir nemendur hlutu styrk Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands að þessu sinni. Annars vegar hlaut Anna Guðrún Þórðardóttir, doktorsnemi við Landbúnaðarháskóla Íslands styrk fyrir verkefnið „Erfðaleg aðlögun byggs að krefjandi umhverfisaðstæðum“. Hinsvegar hlaut Clémence Daigre, doktorsemi við Háskóla Íslands styrk fyrir verkefni sitt sem fjallar um vatnskerfi jökla og spár um það hvernig viðbrögð vatnakerfa skriðjökla eru við hlýnandi loftslag.



MOLAR ÚR STARFSEMinni

Forseti Íslands, frú Halla Tómasdóttir, afhenti styrkina og flutti ávarp en forsetaembættið hefur frá upphafi tekið þátt í hátíðarfundinum. Sjóðurinn er alfarið rekinn með styrkjum frá sunnlenskum fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum sem saman mynda stolt bakland og myndarlegan stuðning við námsmenn sunnlenskra verkefna.

FABLAB SELFOSS

Árið 2025 fór vel af stað og var smiðjan vel nýtt bæði innan framhaldsskólans og einnig af nemendum grunnskólanna. Haldin voru námskeið fyrir kennara og skilaði það sér í aukinni notkun grunnskólanna í smiðjunni. Mikið hefur verið rætt um hnignandi þátttöku ungs fólks í iðn-, verk- og tækninámi og hefur FabLab smiðjan það sem eitt af sínum markmiðum að vekja áhuga á þess háttar námi með því að tengja betur ýmislegt þvert á greinar. Því má segja að Fab Lab smiðjan sinni ákveðnu forvarnarstarfi.

Grunn- og framhaldsskólar eru með fasta tíma inni í smiðjunni en undanfarin ár hefur verið boðið upp á námsáfangar fyrir nemendur FSu. Auk námskeiða fyrir kennara þá hefur verið boðið upp á opna tíma ásamt námskeiðum fyrir almenning og fyrirtæki. Haldið var námskeið fyrir tvö kvenfélög á Suðurlandi á árinu og vöktu þau mikla lukku. Þá jókst samstarf á milli námsdeilda í FSu og má þarfst helst nefna rafiðnaðardeildina sem nýtti sér góða aðstöðu FabLab. Heildarfjöldi þeirra sem sóttu smiðjuna voru tæp 5.000 manns, þar af voru notendur grunn- og framhaldsskóla um 73%. Nánari upplýsingar um starf smiðjunnar má finna á [Facebook síðu](#) hennar.

FJÖLHEIMAR ÞEKINGARSAMFÉLAG

Höfuðstöðvar félagsins eru í Fjölheimum á Selfossi en þar eru skrifstofur starfsmanna, kennslustofur sem og lesstofa og hópinnuaðstaða fyrir nemendur auk funda- og viðstalsherbergja.

Háskólafélagið er formlegur leigutaki húsnæðisins sem er alls 1620 fermetrar og í eigu Sveitafélagsins Árborgar. Háskólafélagið, Fræðslunetið og Birta starfsendurhæfing eru stærstu notendur hússins. Aðrir leigutakar á árinu eru m.a. Markaðsstofa Suðurlands, Lausnin fjölskyldumiðstöð, Sjálfsmildi, Auðnast, Domus mentis, Mögnum, Huglind, Ökuland, HÍ og Fornleifastofnun Íslands.

Framkvæmdastjóri Háskólafélagsins sér um rekstur, leigusamninga og daglegt umstang og stúss en hátt í þriðja tuga starfsmanna, bæði í framhaldsfræðslu og á háskólastigi eru í Fjölheimum. Í lok árs var erindi undirbúið um beiðni um framlengingu á húsaleigusamningi sem sent var í byrjun árs 2026. Samningnum hefur tvívegis verið framlengt áður.

MOLAR ÚR STARFSEMINNI



Helga, Polly og Inga í Vestmannaeyjum



Ástrós í prófastússi

SAMTÖK ÞEKINGARSETRA

Háskólafélag Suðurlands er eitt af þeim setrum sem mynda Samtök Þekkingarsetra (SPS) en á þeim vettvangi er unnið að þróun þekkingarsamfélaga á landsbyggðinni.

Aðilar að samtökunum eru alls sjö talsins og staðsettir víðs vegar um landið. Þetta eru: Nýheimar þekkingarsetur, Austurbrú, Þekkingarnet Þingeyinga, Þekkingarsetur Suðurnesja, Þekkingarsetur Vestmannaeyja, Háskólafélag Suðurlands og Þekkingarsetur Blönduósi – Textílmíðstöð Íslands. Aðilar skiptast á að vera í stjórn sem skipuð er á aðalfundi ár hver.

Aðalfundur SPS var haldinn á Blönduósi 27. - 28. ágúst. Á fundinum kynntu þekkingarsetrin starfsemi sína fyrir Loga Einarssyni, menningar-, nýsköpunar og háskólaráðherra og fóru fram mjög gagnlegar umræður um svæðisbundið mikilvægi setranna. Þá var gervigreind og nýsköpun kynnt fyrir hópnum af Gísla Ragnari Guðmundssyni hjá KPMG og Iceland Innovation Week veitti góð ráð er varða notkun gervigreindar.

Nánari upplýsingar um starf smiðjunnar má finna á [Facebook síðu](#) hennar.

Samtökin vinna að sameiginlegu verkefnum og fór Helga Kristín Sæbjörnsdóttir verkefnastjóri hjá Háskólafélagi Suðurlands fyrir hönd Samtaka þekkingarsetra til Stornoway í Skotlandi til að taka þátt í ráðstefnu North Atlantic & Arctic Neighbours.

Skipuleggjandi hennar var Island Book Trust í samvinnu við NORA. Þátttakendur áttu það allir sameiginlegt að þekkja fámenn samfélög og einangrun eyjasamfélaga sem og afskekkt svæða og gátu með reynslu sinni og rannsóknum miðlað áfram dýrmætri þekkingu sem vert er að skoða nánar.

Í NORA eru Færeyjar, Ísland, Grænland og strandsvæði Noregs en auk þess tóku þátt í ráðstefnunni fulltrúar frá Hjaltlandseyjum og Skotlandi. Rauði þráðurinn á ráðstefnunni var unga fólkið, innviðirnir og sameiginlegar vangaveltur um það hvernig við sjáum tækifærin í uppbyggingu samfélaga dreifðra byggða og nýsköpun.



Helga á eyjunni Lewis & Harris í Skotlandi

MOLAR ÚR STARFSEMINNI

STJÓRN HÁSKÓLAFÉLAGS SUÐURLANDS

Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Orkídeu

Helga Þorbergsdóttir, hjúkrunarforstjóri HSU

Siguður Þór Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Sæunn Stefánsdóttir, Sviðsstjóri Þróunarsviðs HÍ og forstöðumaður
rannsóknasetra HÍ

Sigurður H. Markússon, sérfræðingur

Hugrún Harpa Reynisdóttir, forstöðumaður Nýheima þekkingarseturs

Soffía Sveinsdóttir, skólameistari FSu

HÁSKÓLAFÉLAG SUÐURLANDS ER

Hornsteinn að þekkingarneti Suðurlands



HREIÐRIÐ
FRUMKVÖÐLASETUR
SELFOSSI

Frumkvöðlasetur



Menntahvöt



VÍSINDA OG
RANNSÓKNAR
SJÓÐUR
SUÐURLANDS

Visindasjóður



Nemendajónusta
Háskólafráttu Suðurlands

Nemendajónusta



FABLAB
SELFLOSS

FabLab Selfoss

UMSAGNIR

Háskólafélag Suðurlands veitir umsagnir um málefni sem snúa að háskólanámi á landsbyggðinni, nýsköpun og frumkvöðlastarfi.

September: Háskólafélag Suðurlands átti fund með menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu um þróun örnáms á háskólastigi á Suðurlandi.

Október: Háskólafélag Suðurlands veitti umsögn um Grænbók um byggðamál, nr. S-22/2026. Í umsögninni var fjallað um örnám, nýsköpun og frumkvöðlastarf á landsbyggðinni, auk jafnra tækifæra til náms og prófapjónustu.

Nóvember: Háskólafélag Suðurlands veitti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (háskólasamstæða), mál nr. S-219/2025. Í umsögninni var lögð áhersla á mikilvægi örnáms á háskólastigi.



HÁSKÓLAFÉLAG
SUÐURLANDS

Ársskýrsla 2025